

Fundargerð 79. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, mánudaginn 19. desember kl. 11:30 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir starfsmaður og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Einnig sat Freyr Eyjólfsson fundinn. Fundurinn fór að þessu sinni fram með aðstoð fjarfundabúnaðar vegna ófærðar víða um land.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 78. fundar - 2210013SA

Fundargerð 78. fundar verkefnisstjórnar um úrgangsmál sem haldinn var 28. nóvember sl. samþykkt.

2. Málafni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Lögð fram til kynningar og umræðu skýrsla starfshóps um Hlutverk framleiðenda í hringrásarhagkerfi, sem birt var í lok nóvember. Jón Viggó Gunnarsson var fulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga í starfshópnum og greindi hann frá meginatriðum skýrslunnar og áherslum í vinnu starfshópsins. Fram kom í máli Jóns að mikill tími og orka hafi farið í að ræða hvaða annmarkar væru á starfsemi Úrvinnslusjóðs í dag og skort á gagnsæi við framkvæmd framlengdrar framleiðendaábyrgðar hér á landi.

Fyrirhugað er að halda vinnustofu um frekari skref við endurskoðun framleiðendaábyrgðar í janúar. Gert er ráð fyrir að öll verkefnisstjórnin fái boð á þann fund. Ákveðið var að verkefnisstjórn haldi undirbúningsfund í byrjun janúar og á þeim fundi verði frekar rýnt í efni og ábendingar í skýrslunni.

Rætt var stuttlega um breytingar á lögum um úrvinnslugjald sem samþykktar voru á Alþingi 16. desember sl. og fleiri atriði sem snúa að framleiðendaábyrgð, sbr. umfjöllun á ársfundi Úrvinnslusjóðs sem haldinn var 15. desember sl.

Loks kom fram að 21. desember nk. stendur sambandið fyrir fundi með helstu hagaðilum og stjórnvöldum um endurskoðun samnings við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, þar sem ætlunin er að upplýsa um stöðu söfnunar og meðhöndlunar veiðarfæraúrgangs og skiptast á skoðunum um nauðsynlegar úrbætur á núverandi fyrirkomulagi.

3. Drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs - 2211036SA

Drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs eru nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Í forsamráði gafst sambandinu tækifæri til að senda inn ábendingar sem ræddar hafa verið á fundi með ráðuneytinu. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir stöðu málsins og væntanlegum áherslum í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið.

Staða málsins mun skýrast frekar eftir fund með ráðuneytinu 20. desember n.k. Starfsfólk sambandsins munu upplýsa verkefnisstjórn eftir þann fund en þiggja einnig ábendingar um atriði sem verkefnisstjórn telur þörf á að ræða við ráðuneytið.

4. Samstarf hringrásarhagkerfið að undanfögnu - 2205011SA

Undir hatti átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi var haldinn á vegum sambandsins kynningar- og umræðufundur þann 16. desember sl. þar sem farið var yfir helstu innleiðingarverkefni og er upptaka frá fundinum aðgengileg á vef sambandsins. Gagnlegar kynningar voru á fundinum frá nokkrum sveitarfélögum á þeirra innleiðingarverkefnum.

Í aðdraganda fundarins var einnig birt efni á vef sambandsins: Spurt og svarað um innleiðingu nýrra laga um hringrásarhagkerfi. Einnig hefur verið tekið saman efni sem hefur orðið til á árinu í tengslum við átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi. Sem dæmi var í byrjun desember gert aðgengilegt sniðmát fyrir útboð sveitarfélaga fyrir sérstaka söfnun og rekstur grenndarstöðva. Frekari sniðmát eru enn í vinnslu, um ráðstöfun endurvinnsluefna eftir sérsöfnun og um rekstur gáma- og söfnunarsvæða.

Heilt yfir er það mat verkefnisstjórnar að innleiðing hringrásarhagkerfis hafi gengið vel, sem sést m.a. af auknum áhuga sveitarfélaga á samstarfi í málaflokknum og samstöðu um aðferðir við innleiðingu. Einnig gefur innleiðingarvinnan sveitarfélögum möguleika á því að endurskoða vinnubrögð við stjórn úrgangsmála, innleiða betri stjórn tæki, huga að vinnuvernd starfsmanna o.fl.

Mikilvægt er að styðja áfram við innleiðinguna á næsta ári og munu starfsmenn sambandsins ræða við ráðuneytið um möguleika á áframhaldandi stuðningi. Rætt var um næstu skref í innleiðingu með áherslu m.a. á fræðslu og leiðbeiningar til almennings.

5. Samstarf um innleiðingu hringrásarhagkerfis á næsta ári - 2112034SA

Rætt um áherslu varðandi áframhaldandi samstarf við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið á næsta ári um innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Verkefnisstjórn leggur áherslu á að tryggja fjármögnun verkefna á árinu 2023 með það að markmiði að haldið verði áfram að byggja upp verkfærakistu fyrir sveitarfélögin undir merkjum átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi:

1. Fræðsla til almennings
2. Borgað þegar hent er - þróun álagningarkerfis HMS og innleiðing BPHE á grenndar-, söfnunar- og móttökustöðvum
3. Bætt meðhöndlun úrgangs, styrking innviða með áherslu m.a. á

brennslustöð og meðhöndlun lífræns úrgangs

4. Flokkun byggingarúrgangs - samstarf við atvinnulífið og HMS

6. Leiðbeiningar um flokkun og endurvinnslu úrgangs frá flutningstækjum í alþjóðlegri umferð - 2212028SA

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson sérfræðingur á Umhverfisstofnun kom inn á fundinn og gerði grein fyrir málinu í stuttri kynningu, en á grundvelli leiðbeininganna skapast forsendur til þess að meðhöndla flokkaðan úrgang frá millilandaflugi og skipum sem hafa viðkomu hér á landi. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun stefna að opnum kynningarfundum um málið í janúar en leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar. Fram kom ábending um að kynna þurfi málið fyrir Hafnasambandi Íslands.

7. Brennsla úrgangs með orkunýtingu - 2009109SA

Í tengslum við starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 varð nokkur umræða í stjórn sambandsins um þörf fyrir innviði til úrgangsmeðhöndlunar. Rétt þótti að setja málefni brennslu úrgangs sem ekki verður meðhöndlaður á forsendum endurvinnslu á dagskrá verkefnisstjórnar af því tilefni.

Fram kom að þótt ekki hafi orðið mikil frampróun í málinu frá því að skýrsla starfshóps um þörf fyrir sorpbrennslustöð kom út í ársbyrjun 2021 hafa farið fram samtöl milli SSH og umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis og er stefnt að frekari umræðu í byrjun árs 2023. Verkefnisstjórn samþykkti svohljóðandi bókun um málið:

Verkefnisstjórn leggur áherslu á að við sviðsmyndagreiningu og ákvarðanir um frekari skref varðandi uppbyggingu innviða verði horft heildstætt á þarfir og áform um inniváauppbyggingu á öllu landinu. Um er að ræða meiriháttar fjárfestingar og því nauðsynlegt að þjóðarhagsmunir ráði för við allan undirbúning og ákvarðanatöku.

8. Önnur mál - 2009111SA

a. Út er komin svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir SV-horn landsins eftir langt og umfangsmikið ferli. Er hún aðgengileg á vefnum samlausn.is.

b. Afmælisbarn dagsins, Eygerður Margrétardóttir, og Friðrik Klingbeil Gunnarsson, sögðu frá fundi með félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, innviðaráðuneyti og Vinnueftirlitinu um starfsaðstæður starfsfólks sem sinnir hirðu úrgangs Fram komu gagnlegar ábendingar á fundinum og er afar jákvætt að vinnuverndarsjónarmið verði höfð til hliðsjónar við útfærslu á þeim breytingum sem nú eru að verða á fyrirkomulagi sorphirðu með aukinni sérsöfnun.

c. Fram komu ábendingar og spurningar um gildistöku laga um meðhöndlun úrgangs. Vísað almennt á Spurt og svarað um innleiðingu hringrásarhagkerfis.

d. Guðjón greindi frá því að 21. desember verður haldinn fundur um fyrirhugaðan veiðarfærasamning þar sem markmið er að leiða saman helstu aðila sem eiga aðkomu að málinu.

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður haldinn mánudaginn 9. janúar kl. 10. Meginefni fundarins verður fyrirkomulag framleiðendaábyrgðar.

Fundi var slitið kl. 14:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson